Plastlaus september

Ársskýrsla 2017

Efnisyfirlit

1. Inngangur 2
2. Hvað er Plastlaus september? 2
3. Miðlar 3
3.1 Vefsíðan Plastlausseptember.is 3
3.2. Samfélagsmiðlar 4
3.2.1. Plastlaus september - Facebook síða 4
3.2.2. Plastlaus september – umræðuhópur 4
3.2.3. Instagram 4
3.2.4. Twitter 5
3.2.5. Snapchat 5
4. Sýnileiki í fjölmiðlum 5
5. Fræðsla 7
6. Viðburðir 8
6.1. Opnunarteiti, Þjófstörfum Plastlausum september 8
6.2. Plastlaus september í Kringlunni https://www.facebook.com/events/1042018545933425/ 8
6.3. Plastify Me – "Plast-quiz" á Loft hostel 9
6.4. Plastgleði þín og plastsorg – málþing um plastvandann og lausnir hans 9
7. Viðaukar, blaðaumfjöllun 11
Viðauki 1 11
Viðauki 2 12
Viðauki 3 13
Viðauki 4 14

1. Inngangur

Plastlaus september er grasrótarverkefni átta kvenna sem ræddu saman, m.a. á samfélagsmiðlum, á vormánuðum árið 2017 og veltu fyrir sér hvað hægt væri að gera vegna plastógnarinnar. Ástralska verkefnið Plastic Free July var konunum innblástur ásamt öðrum verkefnum og verkefnahópum í tengslum við umhverfisvernd. Eftir að hafa velt fyrir sér leiðum og möguleikum hérlendis féll gullkorn þegar ein úr hópnum sagði: „Gerum þetta bara!“ og þar með fór boltinn að rúlla. Eflaust hefði verið betra hrinda Plastlausum september í framkvæmd með lengri fyrirvara en þremur mánuðum, miðað við að í lok maí var hópurinn í rauninni ekki með neitt í höndunum nema (að eigin mati) frábæra hugmynd.

2. Hvað er Plastlaus september?

Plastlaus september er félag sem hefur það fyrst og fremst á dagskrá að reka árvekniátak, til að vekja fólk til meðvitundar um plastvandann, með áherslu á lausnir á honum fyrir sem flesta. Áhersla var lögð á jákvæða nálgun fyrir plastminni og jafnvel plastlausan lífstíl og hvatningu frekar en að vekja upp samviskubit hjá fólki. Mikilvægt var að koma þeim skilaboðum áleiðis að hvert lítið skref skipti máli. Þannig var verkefninu ætlað að vekja fólk til umhugsunar um þetta mikilvæga umhverfismál en um leið voru flestir hvattir til að forðast (einkum) einnota plast, flokka það plast sem fellur til og tína upp plast í umhverfi sínu enda miklar líkur á að slíkt plast endi í hafinu. Gert var ráð fyrir að fólk væri komið mislangt í þessari vegferð en þeir sem höfðu áhuga á að taka fyrstu skrefin gátu gert það með einföldum hætti s.s. með því að hætta nota plastpoka við innkaup eða t.d. sleppa alltaf plastlokum og rörum á alla drykki. Um leið bauð Plastlaus september einnig upp á lausnir fyrir þá sem eru „lengra komnir“ í plastleysi, svo sem plastlausar snyrtivörur, gjafir og hreinsiefni og margt fleira.

Ákveðið var að stofna félag og verða því úti um kennitölu og bankareikning og samhliða var skipuð stjórn verkefnisins, ráðinn var verkefnisstjóri sem byrjaði á að leita styrkja í verkefnið, sótt var um lénið Plastlausseptember.is og stofnaðar voru síður og reikningar á samfélagsmiðlum. Ákveðið var að vefsíðan yrði hryggjastykkið í verkefninu og að það yrði að mestu drifið áfram á vefsíðu og samfélagsmiðlum. Einnig var stefnt að því að fanga athygli fjölmiðla eins og hægt var. Rætt var um að viðburðir gætu verið heppileg

leið til að vekja athygli á verkefninu út mánuðinn án þess að umfang viðburða væri ákveðið í byrjun.

Félagið sem stofnað var fékk nafnið Plastlaus september og stjórnina skipuðu Jóhanna Gísladóttir, doktorsnemi í umhverfisfræðum, Elsa Þórey Eysteinsdóttir líffræðingur, Kristín Inga Arnardóttir viðskiptafræðingur, Salbjörg Rita Jónsdóttir grafískur hönnuður og Tinna Þorvalds Önnudóttir leikkona. Stjórnin réði Dóru Magnúsdóttur landfræðing til að verkefnisstýra Plastlausum september. Þessi hópur, ásamt Helgu Báru Bartels Jónsdóttur jarðfræðingi og Hildi Hreinsdóttur sjálfbærnifræðingi myndaði framkvæmdastjórn verkefnisins.

Strax í upphafi var ákveðið að ekki yrði tjaldað til einnar nætur, eða mánuðar, heldur að Plastlaus september yrði árviss viðburður alla vega í nokkur ár. Áherslan skyldi vera almenn fyrsta árið en möguleikinn á að vinna betur með atvinnulífinu og skólum yrði kannaður síðar.

3. Miðlar

3.1 Vefsíðan Plastlausseptember.is

Vefurinn www.plastlausseptember.is var hryggjastykki verkefnisins. Mikil vinna var lögð í að hanna vefinn og skipuleggja efni hans yfir sumarið 2018. Umhverfisstofnun las yfir efni hans áður en hann fór í lofti til að tryggja réttmæti þeirra upplýsingar sem þar koma fram og var endurgjöf þeirra mikilvæg og hafði áhrif á þróun efnisins. Mikilvægt þótti að vefurinn myndi með skýrum hætti vísa á ýmiskonar lausnir gegn plastleysi og endurvarpa þeirri hugmyndafræði, sem skilgreind var í upphafi, að Plastlaus september skyldi vera bjartur, jákvæður og hvetjandi. Á forsíðu er fólk hvatt til að skrá sig og taka þátt í Plastlausum september, og gefnar nokkrar hugmyndir um hvað hægt er að gera með einföldum hætti. Svo má skipta síðunni í tvo undirflokka, sem var annarsvegar *Plastlaus lífsstíll* og leiðbeiningar um minni plastnotkun í tengslum við innkaup, börn, gjafir, þvott og þrif, gæludýr, samgöngur, ferðalög og fleiri þætti. Hinn undirhluti vefsins heitir einfaldlega „Um átakið“ en þar var að finna hagnýtar upplýsingar um aðstandendur, samstarfs- og styrktaraðila, lýsingu á verkefninu, plaköt sem prenta má og hengja upp á kaffistofum og fleira. Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra opnaði vefinn við hátíðlega athöfn í opnunarteiti átaksins „Þjófstörtum Plastlausum september“ á Loft, Bankastræti 5 þann 13. ágúst 2017.

3.2. Samfélagsmiðlar

3.2.1. Plastlaus september - Facebook síða

Fljótlega eftir að ákvörðun var tekin um að hrinda Plastlausum september í framkvæmd var „like“ síða fyrir verkefnið tekin frá. Ákveðið var að hún skyldi vera lifandi miðill fyrir verkefnið, með daglegum innleggjum. Á Facebook síðunni var sagt frá ýmsum leiðum til plastlauss (eða plastminni) lífstíls, um leið og deilt var frá fjölmörgum fréttum, bæði innlendum og erlendum, í tengslum við plastógnina og leiðum til að draga úr plastnotkun. Um leið var fólki bent á vefsíðuna og hvatt til að skrá sig í átakið. Mikil vinna fólst í að skipuleggja og hanna efni innleggja á síðuna, taka myndir og móta þann tón sem þeim ætti að fylgja. Síðan fékk fljótt töluvert marga fylgjendur og einnig hjálpaði til að hún var kynnt með Facebook auglýsingum þar sem fólk var hvatt til að „læka“ síðuna, og tiltekin innlegg voru auglýst sérstaklega. Fólk var einnig hvatt til að skrá sig í átakið á vefsíðunni. Í lok september voru komnir 4576 fylgjendur með síðunni. Fjöldi fylgjenda síðunnar stendur í 4629 þann 14. janúar 2018. Síðan hefur verið virk eftir að september lauk og stefnan er að halda henni virkri með innleggjum að minnsta kosti einu sinni í viku aðra mánuði en september, þegar innlegg eru tíðari.

3.2.2. Plastlaus september – umræðuhópur

Umræðuhópur Plastlauss septembers (sem ber heitið Plastlaus september – umræðuhópur), er hópsíða þar sem rödd allra félaga í hópnum er jafngild. Upphaflega var hópurinn stofnaður sem stuðningshópur við verkefnið, þar sem kallað yrði eftir ráðgjöf og endurgjöf varðandi ýmsa þætti verkefnisins. Þau sem ekki treystu sér til að vinna að fullum krafti í verkefninu, en voru áhugasöm var boðið að vera í umræðuhópi en um leið var ákveðið að hafa hópinn opinn. Áhugi á að taka þátt í opnum umræðum reyndist töluvert meiri en framkvæmdastjórn átti von á, en sýndi líka mikilvægi þess að halda samtalinu opnu. Fólk gaf hvert öðru ráð og leitaði ráða og upplýsinga. Sumt af því sem þar kom fram mótaði framgang verkefnisins og rataði inn á „like“ síðu Plastlauss septembers. Þannig varð verkefnið lýðræðislegt, opið og skemmtilegt. Í lok verkefnisins voru 2201 þátttakandi á Facebook genginn í umræðuhópinn.

3.2.3. Instagram

Instagram aðgangur verkefnisins byggði á því að settar yrðu inn myndir af plastlausum lausnum í dagsins önn. Leitað var til fólks í umræðuhópnum sem hefði áhuga á að setja myndir á Instagram, fólki sem hefði áhuga að plastlausum lífsstíl og væri tilbúið að leggja svolítið á sig til að taka myndir á snjallsíma og deila þeim. Að auki deildu félagar í framkvæmdastjórn myndum. Alls var 98 myndum deilt og Instagram síða Plastlauss septembers fékk 394 fylgjendur.

3.2.4. Twitter

Twitter reikningur var opnaður samhliða öðrum samfélagsmiðlum en það verður að viðurkennast að Twitter síðan var sennilega veikust í samfélagsmiðlaflóru Plastlauss septembers. Hópurinn taldi þó mikilvægt að stofna síðuna strax svo hún gæti tekið flugið síðar en hún endurspeglaði fyrst og fremst það efni sem sett var á Facebook síðu verkefnisins. Twitter reikningur verkefnisins fékk 20 fylgjendur.

3.2.5. Snapchat

Snapchat aðgangur Plastlauss septembers fór af stað í upphafi verkefnisins og voru fengnir gesta „snapparar“ til þess að kynna plastlausar lausnir.

4. Sýnileiki í fjölmiðlum

Í upphafi var ákveðið að vinna eins og hægt væri í athygli fjölmiðla á Plastlausum september til að dreifa boðskapnum sem víðast og fanga athygli almennings. Fjölmiðlaumfjöllun var ágæt fyrstu dagana, sérstaklega 1. september en þá var send út fréttatilkynning sem var fylgt eftir á öllum fjölmiðlum.

Umfjöllun um Plastlausan september í byrjun verkefnisins var m.a. á eftirfarandi miðlum:

- **17. ágúst.** Pressan sagði frá átakinu í tilefni þess að vefur verkefnisins var opnaður. http://www.pressan.is/Frettir/Lesafrett/plastlausum-september-thjofstartad---aetlar-thu-ad-taka-thatt?pressandate=20120317
- **23. ágúst 2017.** Bæjarins besta sagði frá átakinu á sínum vef. http://www.bb.is/2017/08/plastlaus-september/
- **23. ágúst 2017.** Djúpivogur besta sagði frá átakinu á sínum vef. http://djupivogur.is/adalvefur/?id=53009
- **25. ágúst 2017.** Fyrsta umfjöllunin var á Smartlandi mbl.is. Tryllt plastlaust teiti, myndasyrpa úr opnunarteiti vefsins (Þjófstörtum Plastlausum september) og stutt umfjöllun um átakið sem mynd hefast tæplega viku síðar. https://www.mbl.is/smartland/samkvaemislifid/2017/08/25/tryllt_plastlaust_teiti/
- **25. ágúst.** Fagurkerar blogguðu um Plastlausan september. http://fagurkerar.is/plastlaus-september/
- **28. ágúst** birtist viðtal á mbl.is og í Morgunblaðinu við verkefnisstjóra átaksins, Dóru Magnúsdóttir. Ofgnótt af plasti og gegndarlaus notkun.
- https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/08/28/ofgnott_af_plasti/- (Blaðaviðtal í viðauka.)
- 28. september. Grindavíkurbær sagði frá verkefninu á sínum vef í tengslum við verkefni skólabarna. http://www.grindavik.is/v/20125

- **31. ágúst** fóru Elsa Eysteinsdóttur og Tinna Þorvalds Önnudóttir í Síðdegisútvarpið á Rás 2 og kynntu þar Plastlausan september.
  „Plastlaus september. Við forvitnumst líka um átakið plastlausan september, sem hefst á morgun. Tinna Þorvalds Önnudóttir og Elsa Þórey Eysteinsdóttir ætla að segja okkur allt um átakið sem er ætlað að vekja athygli á plastnotkun og áhrifum hennar og hvetja fólk til að sleppa plastinu í einn mánuð. „
  http://www.ruv.is/sarpurinn/klippa/plastlaus-september

- **1. september.** Frétt í Morgunblaðinu og mbl.is um að átakið væri hafið. https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/09/01/plastlaus_september/

- **1. september**. Reykjavíkurborg sagði frá átakinu á sínum vef. Plastlaus í september. http://reykjavik.is/frettir/plastlaus-i-september

- **1**. september. Feykir sagði frá átakinu á sínum vef. http://www.vf.is/frettir/plastlaus-september/80768

- **1**. september. Landspítalinn sagði frá átakinu á vef sjúkrahússins.

  http://www.landspitali.is/um-landspitala/sjonvarp/nanar/?itemid=0f9aa6d7-9177-11e7-826b-005056be0005&category=c7f62b9d-878b-11e5-9f3c-005056be0005

- **1. september.** Menntaskólinn við Sund sagði frá verkefninu á sínum vef https://msund.is/frettir/plastlaus-september

- **3. september.** Umfjöllun um átakið í Kjarnanum. Plastlaus september – íslenskt átak. https://kjarninn.is/folk/2017-09-01-plastlaus-september-islenskt-atak/

- **4. september.** Landvernd hvetur fólk til að taka þátt í Plastlausum september.

- https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/09/04/taki_thatt_i_plastlausum_september/
  4. september. Rammagrein eftir stjórnarkonu í Plastlausum september birtist í Fréttablaðinu og á Visir.is undir nafninu Plastlaus september. (Grein í Fréttablaði í viðauka 2)

- http://www.visir.is/g/2017170909561

- **5. september.** Arion banki sagði frá átakinu á vef bankans. https://www.arionbanki.is/bankinn/fjolmidlar/frettir/frett/2017/09/05/Getur-thu-verid-plastlaus-i-september/

- **5. september**. Fljótsdalshérað sagði frá átakinu á vef sveitarfélagsins.

  https://www.fljotsdalsherad.is/is/frettir/plastlaus-september

- **8. september.** Hvergerðisbær sagði frá Plastlausum september á sínum vef. http://www.hveragerdi.is/Mannlif/Frettir/Plastlaus_september/

- **10. september**. Viðtal við verkefnisstjóra Plastlauss septembers um framgang verkefnisins.
  http://www.visir.is/section/MEDIA98&fileid=VTVCE0B8CA1-0D7B-49B0-9040-248EF88FACBF

- **15. september.** Víkurfréttir sögðu frá Plastlausum september. http://www.vf.is/frettir/plastlaus-september/80768

- **15. september.** Hveragerði sagði aftur frá Plastlausum september á vef bæjarins http://www.dfs.is/2017/09/15/plastlaus-september-i-hveragerdi/

- **18. september.** Vísir sagði ekki frá verkefninu þegar því var hleypt af stokkunum en hafði samband við verkefnisstjóra PS vegna hugmynda MS um að hætta með plastsogrör.
  http://www.landspitali.is/um-landspitala/sjonvarp/nanar/?itemid=0f9aa6d7-9177-11e7-826b-005056be0005&category=c7f62b9d-878b-11e5-9f3c-005056be0005

- _____

  Óbein umfjöllun í kjölfar átaksins.

- 31. ágúst. Grænmetið ekki á leið út í geim. https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/08/31/graenmetid_ekki_a_leid_ut_i_geim/

- 19. september. Tíu plastlausir andlitsskrúbbar

- https://www.mbl.is/smartland/tiska/2017/09/19/tiu_plastlausir_andlitsskrubbar/

- 6. október. Dreymir þig um plastlausan lífstíl

  https://www.mbl.is/matur/frettir/2017/10/06/dreymir_thig_um_plastlausan_lifstil/

5. Fræðsla

Margar fyrirspurning bárust þar sem beðið var um fyrirlestra til að kynna plastlausan lífsstíl. Stjórnin var ekki undirbúin undir þetta en reyndi þó að bregðast við eftir bestu getu. Þannig var farið með kynningar í Menntaskólann við Sund, Fjölbrautarskólann í Garðabæ og til starfsmanna Háskólans í Reykjavík. Ekki var hægt að bregðast við öllum

beiðnum. Ljóst er að mikill áhugi er að fá fræðslu um leiðir, enda fólk almennt meðvitað um vandann en sér ekki auðveldlega fyrir sér hvernig hægt er að bregðast við. Ljóst er að sinna þarf fræðsluþættinum betur á næsta ári.

6. Viðburðir

Fjórir viðburðir voru haldnir nafni Plastlauss septembers, opnunarteiti vefs, kynningardagur í Kringlunni, bar-svar (e. pubquiz) og málþing.

6.1. Opnunarteiti, Þjófstörfum Plastlausum september

https://www.facebook.com/events/110036116384283/

Árvekniátakið var formlega sett af stað þann 18. ágúst með móttöku kl. 17-19 á Loft í Bankastræti undir titlinum „Þjófstörtum Plastlausum september".

Um það bil 50-70 gestir mættu í opnunarteitið og allir fengu fjölnota poka.

Dagskráin var eftirfarandi:

- Björt Ólafsdóttir, umhverfisráðherra opnaði vefsíðuna www.plastlausseptember.is og hleypti verkefninu af stokkunum.
- Jóhanna Gísladóttir, formaður stjórnar félags um Plastlausan september kynnti verkefnið.
- Systkinin Ösp og Örn Eldjárn tóku nokkur lög af nýútkominni plötu Aspar.

6.2. Plastlaus september í Kringlunni

https://www.facebook.com/events/1042018545933425/

Á Degi íslenskrar náttúru þann 16. september var haldinn fræðsluviðburður í Kringlunni. Þar voru vegfarendur fræddir um plastlausar lausnir og þann mikla plastúrgang sem fellur til á hverjum degi, kennt að búa til margnota poka, boðið að fræðast um óhefðbundnar leiðir til að losa sig við sorp, fræðast um strandhreinsun Íslands, fá gefins margnota poka og fleira. Landvernd, Reykjavíkurborg, Umhverfisstofnun, Plastlaus september auk Kringlunnar stóðu að viðburðinum. Gestum og gangandi var boðið upp á spjall um umhverfisátakið og hinar mörgu birtingarmyndir þess.

Tilgangur þessa viðburðar var fyrst og fremst sá að ná til almennings og tala við hann um plastlausan (eða plastlausari) lífstíl og ýmsar leiðir til að minnka plastnotkun. Ljóst var frá upphafi að þrír helstu samstarfsaðilar Plastlauss septembers, Umhverfisstofnun, Reykjavíkurborg og Landvernd höfðu áhuga á að vera með í viðburði af þessu tagi. Kringlan lagði til mikilvægt rými innan verslunarmiðstöðvarinnar og tók þátt í kostnaði við kynningu á viðburðinum, kynnti hann fyrir verslunum og greiddi fyrir boli merktum átakinu sem þátttakendur klæddust. Þátttakendur frá Plastlausum september sáu um skipulagningu viðburðarins og lögðu áherslu á almenna kynningu á verkefninu. Umhverfisstofnun kynnti áherslur stofnunarinnar á minni plastnotkun, Reykjavíkurborg kynnti Grænu tunnuna og

Landvernd kynnti leiðir til að flokka sorp án plasts og aðgerðir sem samtökin hafa staðið fyrir til hreinsunar á strandlengju Íslands. Gugga- og útlitshönnuður var fenginn til að stilla upp plastlausum lausnum með aðlaðandi hætti og samstarfsaðilar stilltu upp upplýsingaplakötum og -stöndum (bannerum) auk þess sem allir sem klæddust bolum merktum átakinu.

Erfitt er að fullyrða hversu margir hafi heimsótt Kringluna vegna viðburðarins og hversu margir hafi átt leið í Kringluna og „dottið um“ viðburðinn. Hinsvegar áttu fulltrúar Plastlauss septembers, Landverndar, Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar skemmtileg samtöl við mjög marga Kringlugesti frá morgni til lokunar og var það mál manna og kvenna að viðburðurinn hafi heppnast mjög vel.

6.3. Plastify Me – “Plast-quiz” á Loft hostel

https://www.facebook.com/events/661233534085809/

Plastify Me barsvarið (e. pub-quiz) var einkum ætlað að ná til ungs fólks með léttu ívafi og því haldið á Loft hostel, Bankastræti sem var einn fjölmargra styrktaraðila átaksins. Hugmyndin var bæði að ná til ungs fólks en einnig til þess mikla fjölda erlendra nema sem leggur nám á ólíkar námsgreinar hérlendis og annars fólks búsett á landinu sem ekki er íslenskumælandi. Einnig vegna þess að ekki vannst tími til að vinna kynningarefni um Plastlausan september á annarri tungu en íslensku.

Til að hrinda viðburðinum í framkvæmd var fenginn framhaldsnemi í umhverfisfræðum við Háskóla Íslands til að semja spurningar og margreyndir pub-quiz stjórnendur stjórnuðu viðburðinum. Óhætt er að fullyrða að spurningarnar voru skemmtilegar og fræðandi og framkvæmd viðburðarins eins og best var á kosið. Um það bil 30 manns mættu á viðburðinn og hlaut vinningsliðið glæsilega plastlausa vinninga.

6.4. Plastgleði þín og plastsorg – málþing um plastvandann og lausnir hans

https://www.facebook.com/events/1922788247959464/

Plastlaus september vildi auka þekkingu sína og almennings á umhverfisáhrifum plasts, stöðu mála og hvaða aðgerðir eru fýsilegar í endurvinnslu, hreinsun frárennslis, og minnkun úrgangs. Mikilvægt þótti að eiga samtal við sérfræðinga í málefninu. Í þeim tilgangi var haldið málþing þann 28. sept. 2017. Yfirskrift málþings þann 28. september í tilefni af plastlausum september var Plastgleði þín og plastsorg, vísar í ljóð eftir Megas en hluti af ljóðinu er á þessa leið*: Plastgleði þín og plastsorg // er raunveruleg // en plastveröld þín hún er alki // fullnægju rúin*. Grunnhugmynd málþingsins var frá byrjun að hafa málþing undir lok mánaðarins þar sem fræða- og fagfólki yrði fengið til að vera með framsögu um plastvandann og hugmyndir til lausna á honum. Málþingið var skipulagt af aðstandendum Plastlauss septembers í samstarfi við námsbraut umhverfis- og auðlindafræða og stofnunar Sæmundar fróða við Háskóla Ísland og var haldið í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins.

Fjallað var um plastmengun í hafi og aðgerðir Evrópusambandsins vegna hennar, rætt um örplast í fráveitu, endurvinnslumöguleika og svo það hvað við Íslendingar erum að gera til þess að sporna við ofgnótt plasts í umhverfinu.

Dagskráin var á þessa leið:

Ávarp formanns Plastlauss september – Jóhanna Gísladóttir

Plaststefna Íslands - Hólmfríður Þorsteinsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun.

Örplast í fráveitu – Íris Þórarinsdóttur, tæknistjóri fráveitu hjá Veitum.

Endurvinnsla á plasti – Gyða Sigríður Björnsdóttir, sérfræðingur hjá Sorpu.

Leysum plastvandann – Dr. Rannveig Magnúsdóttir, verkefnastjóri frá Landvernd

EU action to combat marine litter – Michael Mann, sendiherra Evrópusambandsins á Íslandi.

Að loknum erindum var opnað á spurningar og umræður úr sal.

Fundarstjóri: Guðrún Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Stofnunar Sæmundar fróða.

Góð mæting var á málþingið eða um og yfir 90 manns og umræður fjörugar og fróðlegar. Mál manna var að málþing af þessu tagi þar sem sérfræðingar hittast og ræða saman um leið og áhugasamur almenningur er fræddur er afar mikilvægt. Einnig var rætt um þá einstöku nálgun Plastlauss september að draga úr notkun á plasti í þess að einblína á lausnir við að farga úrganginum. Þannig kom mikilvægi Plastlauss septembers skýrt í ljós þótt auðvitað vegi allar aðgerðir hver aðra upp.

7. Viðaukar, blaðaumfjöllun

Viðauki 1

6 | FRÉTTIR
Innlent

MORGUNBLAÐIÐ MÁNUDAGUR 28. ÁGÚST 2017

Sífellt fleiri teknir dópaðir við stýrið

● Tæplega 1.000 skráð brot varðandi akstur undir áhrifum ávana- eða fíkniefna á höfuðborgarsvæðinu það sem af er ári

Ásmar Þór Ingólfsson
ásmi@mbl.is

Umferðaröryggismál Fjöldi tilkynninga berst til lögreglu um ökumenn sem keyra af stað undir áhrifum ávana- og fíkniefna eða áfengis.

Hann bendir á að aukið eftirlit skýri af til vill fjölgun þeirra sem eru stöðvaðir undir áhrifum ávana- eða fíkniefna, en að fjöldi undirbúnaðarþátta sem rekja megi til aksturs undir áhrifum fíkniefna sé einnig að aukast.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu hafar alls 61 undirbúningur átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu þá sem af er ári, sem gramur leikur á að megi rekja til aksturs undir áhrifum ávana- eða fíkniefna. Það er fleiri skipp en allt árið í fyrra, en þá voru þau 57 talsins.

„Það eru fleiri undir áhrifum fíkniefna í akstri en áður og það er algjört tillitsleysi gagnvart okkur sem erum ekki undir áhrifum," segir Ómar.

Vísindasmiðja í Húsdýragarðinum í gær

Verkfræðingafélag Íslands stóð fyrir Fjölskyldudegi verkfræðinnar í Húsdýragarðinum í gær og þar gátu ungmennin tekið þátt í Vísindasmiðja Háskóla Íslands og fylgst með Sprengju-Kúla gera tilraunir.

Hátíðinga 300 börn voru skráð til leiks ásamt foreldrum sínum og þar voru í boði tilraunir, þrautir, tæki, tól, leikir og ávæntur upplýsingar fyrir alla aldurshópa. Gestir gátu m.a. ásamt sínum kynnt undirvörðum eigin leikum fjöru, lita, hjólað og rafmagna, tekinn lítaverk með olíu, leikið á synagandi skál, smíðuð vindmylla, mótuð heilandi landslag og margt fleira. Allir gátu upplifað vísindin með lifandi hætti, uppgötvað og leikið sér af hjartans lyst.

Plastlaus september er árvekniátak og grasrótarverkefni í umhverfismálum sem nú er að hefjast

Ofgnótt af plasti og gegndarlaus notkun

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

„Stakeynudir eýna að við erum á góðri leið með að fylla hafið af einnota plasti. Einnig endar mikið af plasti í landfyllingum og út í náttúrunni," segir Dóra Magnúsdóttir. „Neyslubattir almennings hafa gjörbreyst á fáeinum áratugum. Það er ekki langt síðan fólk fór að nota plastpoka við sín innkaup og um víða veröld drekkar fólk einnigna vatn úr einnota plastflöskum, stundum margar á dag. Jafnvel hér á Íslandi þar sem okkar hýbýt dásamlegt lindarvatn beint úr krananum. Gegndarlaus notkun á einnota plasti er engínn greiði við jörðina."

Velta fyrir sér vanda og lausnum

Dóra er verkefnastjóri fyrir árveknátakið Plastlaus september sem er ætlað að vekja almenning til umhugsunar um dagleg plastnotkun og hvöt til að draga úr henni, með áherslu á einnota plast. „Sumir velta afgnótt plasts í kringum okkur líta alhygli en aðrir hafa náð þeim árangri að losa sig alfarið

Umhverfi Vonandi verður óvíðeigandi í náinni framtíð að pakka til dæmis ávöxtum í plast, segir Dóra.

við einnota plast," segir Dóra. „Hver og einn getur fundið sínu hvöt til að minnka þessa notkun. Allt frá því að nota margnota poka í innkaup, sem er ráð sem flestir geta nýtt sér, ásamt því að draga úr neyslu á drykkjum í plastflöskum, yfir í að nota einnigna ella, stráa og matarsóda við þrif. Aðalmálið er að taka þátt, velta fyrir sér vandanum en ekki síst lausnunum. Við erum ekki að hvetja fólk til að hendla öllum plastúrgangi heimilisins, aðalmálið er að sleppa einnota plasti eins og hægt er og nýta það sem er til."

Plastlaus september er verkefni átta kvenna með ólíkan bakgrunn og menntun er vilduð saman vegna áhuga sinn á málefninu. Þegar til umræðu kom að efna til átaksins varð fljótt ljóst að septemberminnaðar hentaði vel: kæralæsi sumarfríins að baki, vetrarstarf að hefjast og fólk að skipuleggja sig. Eitt hlíðli af lóra en það skipti miklu máli að Umhverfisstofnun og Reykjavíkurborg voru tilbúnar að leggja átakinu lið strax í byrjun, segir Dóra og hætir vísi.

„Stundum velti fólk því fyrir sér hvort eðlilegra sé að hlíta til frumkvöðla og verðana frekar en almennings um að draga úr plastnotkun. Við sem að átakinu stöndum teljum að samtal við neytendur virki betur, enda geta þeir með sínu kaupbegðun haft áhrif á framboðsaðar. Vonandi verður það óvíðeigandi í náinni framtíð að pakka til dæmis ávöxtum og grænmeti í plast af því neytendur farðist ekkar umbúðir. Því kalli neytendur geta fyrirtækin í mörgum tilfellum svarað með því að selja vörur sínar án umbúða. Í líðsum tilfellum er hægt að nota poppkornsbúðir af fínum tagi og nikil þeirra hefur orðið í gerð lífplasts, til dæmis úr maís, sem hentar sáhar í náttúrunni." Sú viðleitni að draga úr plastnotkun hefur marga snertifleti; það getur skipt máli að hafa hraðbúð heima, bía til snjólaus, jógart og margt fleira. Þeir sem eiga ekki kost á því geta valið verðmæt þar sem hægt er að sleppa plastinu, keypt brauðið í bakaríinu í brauðpoka, valið stærri pakkningar sem pakkaðar eru í plast því þá fylgir hlutfallslega minna plast per einingu, áð mítlíðulausu viðskipti viðþ framleiðanda, eru sem beint frá bónda, og þar fram eftir gítunum.

Engínn hafi samviskubit

„Engínn ætti að taka þátt í þessu átaki með samviskubíti yfir plastnotkun sínni, heldur einbeita sér að þeim atriðum þar sem hægt er að draga úr notkunni," segir Dóra. „Við sem að verkefninu stöndum vonumst til að ensíns saman vakni fólk upp af svefninum og að í kjíðfarið minki plastnotkun hvít yfir. Við erum ekki með markmíð vegna átaksins og gerum ekki kröfur á stjórnvíld né atvinnulíðíð en viljum gjarna fá þau til líðs við okkur í Plastlaus september á næsta ári."

Hver er hún?

● Dóra Magnúsdóttir, verkefnastjóri fyrir Plastlausan september, er ætluð úr Reykjavík, menntaður landog sjávarnýtnifræðingur en starfar nú hjá Ríkisútvarpi í markaðs- og fjármálafræði.

● Hefur lengi starfað sem blaða- og fréttaljósmyndari en að auki langtíð víð þróun stórr í ferðaþjónustu og víðar, víð markaðs- og kynningarmál og sem framkvæmdastjóri.

Viðauki 2

„Stærsta sinnar tegundar“

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson

Það urðu tímamót nú um mánaðamótin þegar Umhverfisstofnun tók þá ákvörðun að stöðva starfsemi kísiliðju United Silicon í Helguvík. Í fyrsta sinn fær stóriðja hér á landi ekki að hafa sina hentisemi og stjórnvöld gripa í taumana. Fram til þessa hafa íslensk stjórnvöld verið heimsfræg fyrir undirdánugheit við stóriðjuhölda („minimum red tape“). Kannski er þetta ásamt öðru til vitnis um að nú fari senn að ljúka kafla í atvinnusögu Íslendinga – stóriðjukaflanum. Vonum það.

Fyrsti áfanginn

Þegar fyrsta skóflustungan var tekin að kísiliðjunni fyrir þremur árum var naumast þverfótað fyrir silkihúfum með skóflur – ráðherrar og sveitastjórnarmenn vildu allir fá mynd af sér að moka kolum til að knýja hjól atvinnulífsins. Allir töluðu um hversu gríðarlega stórt þetta yrði. Þannig sagði þáverandi forsætisráðherra, Sigmundur Davið Gunnlaugsson, meðal annars við blaðamenn:

„Þetta er auðvitað mjög gleðilegur dagur því hér er verið að taka skóflustungu að verksmiðju sem stefnt er að því að verði sú stærsta sinnar tegundar í heiminum. Þetta er líka fyrsti áfangínn í mjög mikilli uppbyggingu um allt land þannig að þetta er mjög gleðilegur dagur.“

Þetta er að sönnu hrollvekjandi ef rættist draumsýn ráðherrans um svona „uppbyggingu um allt land“ – United Silicon verksmiðjur í hverju holti með tilheyrandi bræslu og almennu heilsuleysi. Og hver og ein auðvitað „sú stærsta sinnar tegundar í heiminum“ eins og skóflufólkið þrástagaðist á þennan „gleðilega dag“. Eins og það væri eftirsóknarvert markmið í sjálfu sér að hafa stærsta kísilver í heimi ofan í byggð.

Enginn af þessum ráðamönnum virtist hugsa út í orkuþörfina sem þessu fylgdi eða reikna með öðru en öllum hugsanlegum en ósamþykktum virkjunum til að knýja herlegheitin. Enginn þeirra virtist hugsa út í þá mengun sem af muni hljótast; enginn virtist sjá það fyrir að verksmiðjan færi í þrot eftir þrjú ár. Og hefði á þeim tíma skapað sér nafn fyrir athugasemdir Vinnueftirlitsins í 17 liðum vegna aðstöðu starfsfólks, skort á sérkjarasamningum, eldsvoða, ógreidd lóðagjöld, vanskil við verktaka og svo mikla mengun að íbúar í grennd fundu til veru legra sárinda í hálsi og annarra óþæginda.

Var þó enn langt í land með að náð yrði markmiðunum sem forsætisráðherrann var svo spenntur fyrir: að verksmiðjan yrði stærst í heimi; einungis er búið að byggja einn ofn af fjórum áformuðum; enn eru þarna bara 32 MW í stað áformaðra 128 MW og verður framleiðslugetan þá orðin 90.000 tonn; hætt við að íbúarnir fái þá aldeilis að kynnast því hvernig er að búa í 1,8 kilómetra fjarlægð við slíka iðju. Síðan ætlar Thorsil að reisa 110.000 tonna kísiliðjuver. Samanlagt munu verin brenna um 300.000 tonnum af kolum á ári.

Kolum. Á Íslandi.

Í ósátt við náttúruna

Sú hugmynd að ausa slíku magni af kísilryki í vitin á íbúum í 1,8 kilómetra fjarlægð er svo sannarlega „sú stærsta sinnar tegundar“; einhvers konar atlaga að heimsmeti í frekju. Ekki ræður fór umhyggja fyrir fólki, svo mikið er víst. Allt er þetta til marks um að í huga íslenskra ráðamanna hefur það lóngum verið svo, að þegar rekast á hagsmunir almennings og hagsmunir stóriðju skuli stóriðjan njóta vafans. Um hagsmuni náttúrunnar þarf ekki að fjölyrða. Margt bendir raunar til þess að íslenskir ráðamenn séu margir beinlínis andvígir náttúrunni og telji það sérstakt hlutverk sitt að stuðla að því að framkvæmdir séu ævinlega gerðar í ósátt við náttúruna, og hefst þannig að hún hljóti sem mestan skaða af. Annað sé auningjaskapur. Vera má að þetta sé arfur hugsunarháttar þar sem sá þykir mestur böndi sem tekst að beita fé sínu á sem mestan nýgræðing, og þá helst á örfoka land.

Þetta kann að vera ýkjukennt tal en breytir ekki hinu að margt er enn á huldu um þetta ævintýralega kísilklúður. Guðmundur Hörður Guðmundsson spyr ýmissa áleitinna spurninga um þetta brölt allt saman í grein í Stundinni frá 29. ágúst. Arion banki hefur að miklu leyti fjármagnað þetta framtak og lífeyrissjóðir hafa sett rúmlega tvo milljarða í þessa hít – og í ljósi þessa fjáraustars úr sjóðum almennings hljótum við að mega vænta svara við að minnsta kosti helstu spurningunum sem vaknað hafa. Til dæmis: Hver á þetta?

Guðmundur Hörður spyr: „Hverjir eru raunverulegir eigendur USI Holding BV, huldufélagsins sem á stærstan hlut í United Silicon, og hvers vegna fela þeir sig í Hollandi, þekktu skattaskjóli?“ Hann spyr líka um það hver sé eigandi Geysis Capital, félags sem á lóðina í Helguvík, og hvort skattur af leigu lóðarinnar hafi verið greiddur hér á landi eða farður í skjól gegnum hollenska félagið USI Holding BV, sem er formlegur eigandi að Geysi Capital.

Á íbúum Suðurnesja hafa dunið margvísleg áföll á umliðnum áratugum. Framsalskerfið á kvóta í sjávarútvegi hefur leikið svæðið grátt eins og aðrar sjávarbyggðir hér á landi; herinn fór og skildi eftir sig nokkra kakkalakka og guð má vita hvaða rusl grafið í jörðu; Sparisjóður Keflvíkinga var tæmdur af mikhum dugnaði – og þannig mætti lengi telja. Lausnarorðið í þessu vandræðum var jafnan eitt og aðeins eitt: stóriðja. Nú er komið á daginn hvað í henni felst: mengun, vondur aðbúnaður, leiðindi og ljótleiki. En það dugmikla fólk sem þarna býr hefur náð að koma undir sig fótunum á nýj þrátt fyrir öll þessi áföll. Og hvað varð þeim til bjargar? „Eitthvað annað“: Fólk sem hingað flykkist til að upplifa fjöll og dali, mela og klappir, vind og himin, eld og haf; náttúruna sem ráðamennirnir hafa hatast við svo lengi.

> Enginn af þessum ráðamönnum virtist hugsa út í orkuþörfina sem þessu fylgdi eða reikna með öðru en öllum hugsanlegum en ósamþykktum virkjunum til að knýja herlegheitin. Enginn þeirra virtist hugsa út í þá mengun sem af muni hljótast; enginn virtist sjá það fyrir að verksmiðjan færi í þrot eftir þrjú ár.

Plastlaus september

Elsa Þórey Eysteinsdóttir
líffræðingur í stjórn plastlauss september

Gríðarlegt magn af einnota plasti er urðað eða endar í hafinu sem er mikið áhyggjuefni. Samkvæmt könnun Náttúruverndarsamtaka Íslands á viðhorfi almennings til ástands hafsins frá 2016 hafa 80 prósent Íslendinga miklar áhyggjur af plastmengun í hafinu, og er full ástæða til. Hafið er matarkista okkar en virðist um leið vera okkar ruslakista. Allir sjá að það fer ekki saman. Plastlaus september er árveknátak sem hvetur fólk til að draga úr notkun á einnota plasti og bendir á leiðir til þess á vefsíðu sinni og Facebook síðu.

Einnota plast er einungis notað í nokkrar mínútur, rétt á meðan drukkið er úr glasi eða borðað af diski, svo fer það í ruslið, eða í besta falli í endurvinnslu. Allt plast sem einhvern tíma hefur verið framleitt er þó enn til, það brotnar niður í minni einingar en eyðist ekki. Sum ríki hafa markað sér stefnu til að minnka plastnotkun enda er um að ræða vaxandi vandamál.

Við getum sjálf ákveðið að minnka notkun á einnota plasti í okkar daglega lífi. Við getum valið vörur sem pakkað er í annars konar umbúðir, sleppt rörum og lokum þegar við kaupum drykki, farið með eigin ílát í verslanir sem það bjóða, keypt sápustykki í staðinn fyrir brúsa, valið grænmeti sem ekki er pakkað í plast. Áherslan er á einnota plast, engin ástæða er til að henda því plasti sem til er, reynum að nota minna en endurnotum og endurvinnum það plast sem fer um hendur okkar. Fjölmörg ráð er að finna á heimasíðunni plastlausseptember.is

Plastlaus september hvetur okkur til að kaupa minna af einnota plasti í september. Við veljum verkefni við hæfi og hvort við tökum þátt í einn dag, eina viku, allan mánuðinn eða til frambúðar. Öll skref í átt að hreinni jörð eru mikilvæg skref hversu stór sem þau eru.

> Hafið er matarkista okkar en virðist um leið vera okkar ruslakista. Allir sjá að það fer ekki saman.

FRÉTTABLAÐIÐ

89%

af lesendum dagblaða*
á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 18–49 ára
lesa Fréttablaðið daglega.



*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild: Prentmiðlamæling Gallup apr.-jún. 2017

Allt sem þú þarft ...

Viðauki 3

Framhald af forsíðu

Talið er að um 10–20% almennings þjáist af hægðatregðu og allt að 40 prósent þungaðra kvenna. Ástæður hægðatregðu geta verið mjög margar, svo sem lélegt mataræði, lítið af vökva og/eða trefjum og óhollur matur. Aukaverkanir margra lyfja, veikindi, stress og margt fleira getur einnig haft áhrif,* segir Jódís Brynjarsdóttir, markaðsstjóri hjá Vistor hf.

Helstu einkenni hægðatregðu eru harðar hægðir sem erfitt er að losna við og tilfinning um að ná ekki að tæma við hægðalosun. Önnur einkenni geta verið magaverkir, uppþemba, og óþægindi við hægðalosun.

Microlax endaþarmslausn fæst án lyfseðils og er ætluð til meðhöndlunar við hægðatregðu. Microlax er hægðalyf sem eykur vatnsinnihald í hægðum og mýkir þær. Brottfærsluinnihaldefnanna verður í hægðum og þau hvorki frásogast, dreifast, né umbreytast með altækum hætti (systemic). Ekki er búist við neinni óæskilegri verkun hjá fóstrum eða nýburum sé lyfið notað eins og mælt er fyrir um á merkingu og við brjóstagjöf þar sem frásog Microlax er takmarkað.

Microlax hefur verið í klínískri notkun í meira en 25 ár án nokkurra vandkvæða hvað varðar öryggi og notkun.

Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serhyfjaskra.is. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími 535-7000.

Microlax endaþarmslausn er notuð við hægðatregðu og til þarmahreinsunar fyrir skurðaðgerð, endaþarmsspeglun eða röntgenmyndatöku. Nota skal 1 túpu í endaþarm u.þ.b. 15 mín. áður en áhrifa er óskað. Gætið varúðar við notkun hjá börnum yngri en 3 ára. Leitið vandlega upplýsinga á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um ábætta og aukaverkanir.

Microlax

- Virkar hratt, á u.þ.b. 15 mínútum.
- Túpan inniheldur aðeins 5 ml af vökva sem jafngildir einni teskeiði.
- Virkar staðbundið í endaþarmi og nýtist hlúta rétt.
- Áhrifin eru fyrirsjáanleg. Þú ræður tíma og staðsetningu hægðalosunar.

Notkunarleiðbeiningar

- Snúið innsiglið af enda túpusprotans, umyrjið enda sprotans með einum dropa af innihaldi túpunnar – þá mun verða auðvelt að setja túpusprotann inn í endaþarminn.
- Fæsa skal allan túpusprotann inn í endaþarminn, hjá börnum yngri en þriggja ára skal þó einungis fæsa sprotann inn að hálfu (sjá merki á sprotanum).
- Tæmið túpuna alveg – einnig hjá börnum – og haldið henni samanklemmdri á meðan sprotinn er dreginn út.
- Hægðalosun verður eftir u.þ.b. 15 mínútur.

Talið er að um 10–20% almennings þjáist af hægðatregðu og allt að 40% þungaðra kvenna. Ástæður hægðatregðu geta verið mjög margar, eins og t.d. lélegt mataræði, lítið af vökva, óhollur matur, aukaverkanir af lyfjum, veikindi eða stress.

Microlax hefur verið í klínískri notkun í meira en 25 ár án nokkurra vandkvæða hvað varðar öryggi og notkun.

Góð ráð við hægðatregðu

- Borðaðu reglulega.
- Drekktu að minnsta kosti 2 lítra af vatni á dag.
- Borðaðu trefjaríkan mat, s.s. heilkorn, grænmeti og ávexti.
- Stundaðu hreyfingu, hreyfðu þig í a.m.k. 30 mínútur á dag.
- Temdu þér góðar salernisvenjur.
- Farðu á salernið um leið og þörfin gerir vart við sig – gjarnan á sama tíma á hverjum degi, t.d. eftir staðgóðan morgunverð sem kemur hreyfingu á þarmana.

Einkenni hægðatregðu

- Hægðalosun sjaldnar en þrisvar í viku.
- Erfiðleikar við að losna hægðir.
- Maginn virðist þaninn og fullur af lofti.
- Kviðverkir vegna þrýstings í þörmum.
- Harðar og djúfnar hægðir.
- Tilfinning um að ná ekki að tæma ristilinn.
- Andremma og illa lyktandi vindgangur.

Hafðu það skemmtilegra í haust með Stöð 2

VIÐ ERUM AÐ TALA UM SPORTIÐ

Kjartan Atli, Gummi Ben, Hödd Magg og fleiri góðir fylgjast grannt með öllu sem viðkemur íþróttaheiminum á Stöð 2 Sport. Vertu með okkur í haust, það er einfaldlega skemmtilegra með Stöð 2.

FRÉTTABLAÐIÐ | 365

Nokkur góð plastlaus ráð

Átakið plastlaus september stendur nú yfir í fyrsta sinn. Á vefsíðunni www.plastlausseptember.is er að finna fjölmörg gagnleg ráð um hvernig minnka megi plastnotkun.

Heimilissorp

- Mælt er með að setja dagblöð í botninn á ruslafötunni og tæma úr fötunni sjálfri í tunnuna. Reynslar hagnast þessi aðferð ekki öllum, auk þess sem laust rusl getur fokið í íslenskri veðráttu. Hin leiðin er þá að nota poka úr niðurbrjótanlegum efnum á borð við maíspoka.
- Lykilatriði er að flokka heimilissorpið almennilega því þá minnkar heimilissorpið verulega. Með leiðir af sér að nota þarf mun færri poka yfir árið undir ruslið.

Blessuð börnin

- Plast er alls ekki ákjósanlegt í rúmum fyrir börn. Hægt er að minnka plastnotkunina til dæmis með því að nota taubleiur í stað eða á móti einnota bleiur.
- Blautþurrkur eru skaðvaldar fyrir umhverfið og því gott að nota margnota þvottaþurrku í stað þeirra.
- Þegar kemur að leikföngum má velja leikföng úr náttúrulegum efnum svo sem viði. Svo má líka kaupa notuð leikföng.
- Í barnafræðslum mætti nota taudúk á borðið og skraut úr pappír í stað blaðra.

Þrifin

- Hægt er að kaupa þvottaefni í pappírsumbúðum eða áfyllanlegum umbúðum. Til dæmis má kaupa áfyllingu á Ecover uppþvottaleginn hjá Heilsuhúsinu.
- Stæll er með að þvo fötu- og gerúrefni sjálfan þvi úr fötunni skolast óþrjóst út í sjó.
- Hægt er að nota tréklemmur í stað plastklemma.

Gæludýr

- Í stað þess að nota plastpoka til að þrifa upp hundaskít er hægt að nota pappírspoka eða dagblað.

Viðauki 4

FRÉTTABLAÐIÐ

Ekkert plast í septe

nisátakinu Plastlaus september verður hleypt af stokkunu
arhátið er haldin í dag, þar sem ný vefsíða www.plastlaus

beirra kvenna sem standa að Plastlausum september. Frá vinstri; a Gísladóttir, Elsa Þórey Eysteinsdóttir, Salbjörg Rita Jónsdóttir, Dóra dóttir og Kristin Inga Arnardóttir.

gar eru plastsóðar

erkefnisins er að ing til umhugsunar n og þann plastúr- til daglega," segir því að Íslend- r plastsóðar. ndurvinna a þyrfti þrettán jarðir ef allir ætluðu að lifa eins og Íslendingar. Plastflöskur skila sér ágætlega en þegar kemur að öðru umbúðaplasti er allt of hátt hlutfall sem fer í urðun. Samkvæmt tölum frá Umhverfisstofnun falla að meðaltali til 13 kíló af plastúrgangi í hverium mánuði á íslensk

manna magn."
Jóhan átaksver „Það er n grunnur umræðu að hamra heitt."

Vefsiða verkefni

Í dag, föst haldin op lauss sept Hosteli. Þa meðal ann til sögunn vefsíða wv plastlausse ber.is. „Vef hornsteinn efnisins. Þa að finna up hvatningar það hvaða s getur tekið draga úr pla sinni," segir en fólk frá U